

Nd.

369. Nefndarálit

[9. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Að þessu sinni hefur sami háttur verið á hafður við afgreiðslu frumvarpsins og verið hefur á undanförnum árum. Í því skyni að flýta fyrir afgreiðslu þess og til að tryggja, að samræmis gætti um afgreiðslu frumv. milli deilda, var 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar, falið að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis frumv. og umsóknir, er því fylgdu, sem og allmargar umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar höfðu borizt.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna (RA) skrifar þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.

2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazzt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Umsækjendur nr. 1—2, 4, 8, 18 og 28—30 í breytingartillögum nefndarinnar fullnægja ekki þeim skilyrðum, sem lýst er hér að framan. Sama máli gegnir um umsækjendur nr. 1—3, 8, 9 og 13—15 í frumvarpinu. Allir þessir umsækjendur, 16 að tölu, eru úr hópi 36 flóttamanna frá Júgóslavíu, sem komu hingað til lands á árinu 1959, en á árinu 1958 hafði íslenzka ríkisstjórnin samþykkt, samkvæmt áskorun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, að veita fólki þessu framtíðarhæli hér á landi. Áður en fólk þetta fluttist hingað, var því heitið því, að það yrði aðstoðað við að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, svo fljótt sem lög leyfðu, ef það óskaði þess og reyndist hér góðir og nýtir borgarar. Einnig var því tjáð, að hér á landi væri fyrir hópur ungverskra flóttamanna og væri líklegt, að sömu reglur um veitingu íslenzks ríkisborgararéttar yrðu, að öðru jöfnu, látnar gilda um báða hópana. Nú hafa allmargir hinna ungversku flóttamanna öðlazzt íslenzkan ríkisborgararétt á síðustu árum, og þykir því eðlilegt, að júgóslavneska flóttafólkið öðlist hann nú, eftir sömu reglum.

Umsækjendur nr. 5, 10, 16 og 23 í breytingartillögum nefndarinnar eru ungverskir flóttamenn, sem fluttust hingað til lands á árinu 1956 og hafa dvalizt hér síðan.

Eftir því sem bezt er vitað, hafa umsækjendur þeir, sem hér að framan er getið, ekki sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að þeim verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, eftir venjulegum reglum. Sama máli gegnir um alla aðra umsækjendur, sem upp eru taldir í frumv. og í breytingartillögum nefndarinnar. Eins og í athugasemdum við frumvarpið segir, var umsækjandi nr. 18 í frumv. íslenzkur ríkisborgari, en giftist rússneskum manni á árinu 1961 og öðlaðist þá rússneskt ríkisfang, en hefur nú afsalað sér því. Telur nefndin eðlilegt, miðað við aðstæður, að þessi umsækjandi öðlist að nýju íslenzkan ríkisborgararétt.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að öllum þeim umsækjendum, sem hér að framan er sérstaklega vikið að, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, þótt ekki fullnægi þeir þeim skilyrðum fyrir veitingu íslenzks ríkisborgararéttar, sem hér að framan er lýst. Einnig leggur nefndin til, eins og fyrr segir, að frumvarpið í heild verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin flytur tillögur um á sérstöku þingskjali. — Einn nefndarmanna (PS) var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 24. marz 1965.

Einar Ingimundarson,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Óskar Jónsson.

Skúli Guðmundsson.

Ragnar Arnalds,
með fyrirvara.